

# Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

## I. kafli Inngangur

### 1. gr.

#### Um starfskjör kjörinna fulltrúa

Borgarfulltrúar fá greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna eftir samþykkt þessari. Jafnframt fá aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum borgarinnar greidda þóknun fyrir störf sín eftir ákvæðum hennar.

### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar eru borgarstjórn, borgarráð, fagráð og aðrar nefndir og ráð sem skipaðar eru af borgarstjórn, borgarráði, fagráðum eða borgarstjóra. Fastanefndir Reykjavíkurborgar eru þær nefndir sem taldar eru upp í 13. gr. samþykktar þessarar.

Með fagráði er átt við ráð sem kosin eru skv. B-lið 62. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

Með borgarstjórnarflokki er átt við borgar- og varaborgarfulltrúa framboðslista sem fulltrúa á í borgarstjórn. Formaður borgarstjórnarflokks er borgarfulltrúi sem tilnefndur er sem slíkur af viðkomandi framboðslista og skal forsætisnefnd tilkynnt um tilnefninguna.

Samþykkt þessi tekur ekki til setu í stjórnnum byggðasamlaga, fyrirtækja eða félaga að hluta eða öllu leyti í eigu Reykjavíkurborgar. Þá tekur hún ekki til setu í dómnefndum.

## II. kafli Um starfskjör borgarfulltrúa

### 3. gr.

#### Grunnlaun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín hjá Reykjavíkurborg sem nema kr. 653.022,- samkvæmt samþykkt borgarstjórnar 4. apríl 2017. Þetta eru grunnlaun borgarfulltrúa og uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu. Í grunnlaununum felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennsku í öðrum nefndum en fastanefndum, innkomur sem varamenn og setur sem áheyrnarfulltrúar, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 2. gr..

Gert er ráð fyrir því að borgarfulltrúar sitji í einni fastanefnd borgarinnar í flokki I skv. 13. gr. Er þá bæði átt við setu sem kjörinn fulltrúi og áheyrnarfulltrúi. Sitji borgarfulltrúi ekki í nefnd í flokki I er gert ráð fyrir því að hann sitji í nefnd í flokki II. Sitji borgarfulltrúi hvorki í nefnd í flokki I né flokki II skerðast grunnlaun hans um 50%. Sitji borgarfulltrúi ekki í nefnd í flokki I skerðast grunnlaun hans um 25% nema hann sitji í tveimur nefndum í flokki II og/eða III.<sup>1</sup>

### 4. gr.

#### Álagsgreiðslur á grunnlaun

Borgarfulltrúar sem gegna formennsku í fagráði eða borgarstjórnarflokki fá greitt álag sem nemur 25% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Borgarfulltrúar sem sitja í þremur eða fleiri fastanefndum fá greitt álag sem nemur 25% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Heildarálag

---

<sup>1</sup> Breytt á fundi forsætisnefndar 2. nóvember 2012.

samkvæmt þessari málsgrein nemur að hámarki 25% grunnlauna borgarfulltrúa, þó gegnt sé formennsku í fleiri en einu ráði eða borgarstjórnarflokki og ráði.

Borgarfulltrúar sem sitja í borgarráði fá greitt álag sem nemur 25% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Formaður borgarráðs fær þó greitt álag sem nemur 40% af grunnlaunum borgarfulltrúa.

Kjörnir varamenn í borgarráði fá greitt álag sem nemur 6% af grunnlaunum borgarfulltrúa.

Greiðslur samkvæmt 2. og 3. málsgrein eru óháðar álagsgreiðslum samkvæmt 1. mgr.

#### 5. gr.

##### Starfsaðstaða borgarfulltrúa

Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til skrifstofu og almennan skrifstofubúnað, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu.

Skrifstofa borgarstjórnar annast skrifstofuþjónustu fyrir borgarfulltrúa, s.s. gagnaöflun, síma- og ritvinnslu, undirbúning funda o.þ.h.

Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til farsíma og greiðir kostnað af notkun hans eftir viðmiðum sem skrifstofustjóri borgarstjórnar setur að höfðu samráði við forsætisnefnd. Jafnframt greiðir Reykjavíkurborg kostnað af nettengingu á heimili borgarfulltrúa eftir slíkum viðmiðum.

Borgarfulltrúar fá greidda fasta fjárhæð á mánuði, kr. 47.161,- að frádreginni staðgreiðslu, til að mæta öllum persónulegum starfskostnaði, öðrum en skv. 1.-3. mgr., s.s. vegna áskriftar dagblaða, bóka- og tímaritakaupa, kaupa á efni úr fjölmiðlum, ferða innan höfuðborgarsvæðisins, veitinga, námskeiða- og ráðstefnuhalda o.þ.h., sbr. þó 6. og 7. gr. Fjárhæð starfskostnaðarins uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu.

#### 6. gr.

##### Um kjör og starfsaðstöðu forseta sérstaklega

Forseti borgarstjórnar fær greitt 25% álag á grunnlaun borgarfulltrúa óháð öðrum álagsgreiðslum skv. 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. er kostnaður af farsíma forseta borgarstjórnar greiddur úr borgarsjóði.

Forseti borgarstjórnar hefur afnot af bifreið vegna starfa sinna. Skrifstofa borgarstjórnar annast rekstur og umsýslu í þessu skyni.

Um risnu forseta borgarstjórnar fer eftir sömu reglum og um risnu borgarstjóra.

#### 7. gr.

##### Ferðir utan- og innanlands

Um ferðaheimildir og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar vegna ferða borgarfulltrúa utan- og innanlands fer eftir verklagsreglum og leiðbeiningum um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar.

#### 8. gr.

##### Laun í orlofi

Borgarfulltrúum eru greidd full laun á meðan á sumarleyfi borgarstjórnar og fundahléi ráða og nefnda stendur.

#### 9. gr.

##### Lífeyrisréttindi og tryggingar

Reykjavíkurborg heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum borgarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Borgarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi með sama hætti og starfsmenn borgarinnar skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um rétt til launa í slysaförllum fer þó eftir 10. gr.

#### 10. gr.

Laun í veikinda- og slysaförllum og fæðingarorlof

Sé borgarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum eigi að síður í allt að einu ári.

Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður þegar við lok kjörtímabils eða þegar borgarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum, s.s. skv. ákvæðum 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.<sup>2</sup>

Um rétt borgarfulltrúa til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

#### 11. gr.

Biðlaun fráfarandi borgarfulltrúa

Borgarfulltrúi á rétt á biðlaunum er hann lætur af starfi borgarfulltrúa. Biðlaun skulu miðast við grunnlaun borgarfulltrúa og skal greiða laun hálfis mánaðar fyrir hvert ár sem borgarfulltrúi hefur setið í borgarstjórn auk fullra launa fyrir júnímánuð.<sup>3</sup>

Biðlaun skv. reglu 1. mgr. skulu greidd að hámarki í 3 mánuði. Taki borgarfulltrúi ekki við öðru launuðu starfi eftir að hann vikur úr borgarstjórn heldur hann þó biðlaunarétti þar til hann tekur við slíku starfi, þó ekki lengur en í 6 mánuði að hámarki.

### III. kafli

#### Um þóknun fyrir störf fyrstu varamanna framboðslista

#### 12. gr.

Fyrsti varamaður hvers framboðslista sem fulltrúa á í borgarstjórn fær greidd föst laun sem nema 70% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Innifalið í þessu eru, á sama hátt og skv. 3. gr., greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar með þeim fyrirvörum sem þar eru tilgreindir, þ.m.t. um skerðingu grunnlauna.

Fyrsti varamaður sem gegnir formennsku í fagráði eða situr sem áheyrnarfulltrúi í borgarráði eða er þar kjörinn varamaður fær jafnframt greitt álag skv. 4. gr.

Fyrstu varamönnum framboðslista eru greidd full laun á meðan á sumarleyfi borgarstjórnar og fundahléi nefnda og ráða stendur.

Ákvæði 3. mgr. 5. gr. um aðgang að farsíma og nettengingu gilda einnig um fyrstu varamenn framboðslista. Þá leggur Reykjavíkurborg fyrstu varamönnum framboðslista einnig til fartölvu.

Ákvæði 15. og 16. gr. um lífeyrisréttindi og laun í veikindaforföllum o.fl. gilda jafnframt um fyrstu varamenn framboðslista.

Ákvæði 3. mgr. 19. gr. um rétt til greiðslu fastra launa í lengri forföllum borgarfulltrúa gilda um fyrstu varamenn framboðslista eftir því sem við á.

### IV. kafli

#### Um þóknun fyrir störf annarra kjörinna fulltrúa en borgarfulltrúa og fyrstu varamanna framboðslista

<sup>2</sup> Breytt á fundi forsætisnefndar 2. nóvember 2012.

<sup>3</sup> Lagfært í október 2014.

### 13. gr.

#### Þóknun fyrir setu í fastanefndum

Kjörnir fulltrúar í fastanefndum Reykjavíkurborgar, aðrir en borgarfulltrúar og fyrstu varamenn framboðslista, fá greidda mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Greitt er sérstaklega fyrir setu í hverri fastanefnd.

Fastanefndir skiptast í fjóra flokka og er greidd þóknun samkvæmt samþykkt borgarráðs 4. apríl 2017 kr. 163.255,- fyrir setu í nefnd í flokki I, kr. 130.604,- fyrir setu í nefnd í flokki II, kr. 114.279,- fyrir setu í nefnd í flokki III og kr. 48.977,- fyrir setu í nefnd í flokki IV.<sup>4</sup> Fjárhæðirnar uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu.

Þóknun til fulltrúa í barnaverndarnefnd og endurskoðunarnefnd skal vera hin sama og fyrir nefndir í flokki I.

Formenn fastanefnda fá greidda tvöfalda þóknun fyrir setu í viðkomandi nefnd.

Kjörnum fulltrúum eru greidd full laun á meðan fundahléi nefnda og ráða á sumrin stendur.

Skipting fastanefnda í flokka er sem hér segir<sup>5</sup>:

Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV
<b>Borgarráð</b>	Forsætisnefnd	Heilbrigðisnefnd	Hverfisráð
<b>Umhverfis- og skipulagsráð</b>	Íþrótt- og tómstundaráð	Innkauparáð	Stjórn Listahátíðar
<b>Skóla- og frístundaráð</b>	Mannréttindaráð		
<b>Velferðarráð</b>	Menningar- og ferðamálaráð		
	Stjórnkerfis- og lýðræðisráð*		
<b>(Barnaverndarnefnd)</b>			
<b>(Endurskoðunarnefnd)</b>			

\*Forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum 13. nóvember 2015 að færa stjórnkerfis- og lýðræðisráð úr flokki I í flokk II.

### 14. gr.

#### Þóknun fyrir setu í öðrum nefndum

Fyrir setu í öðrum nefndum en fastanefndum fá kjörnir fulltrúar greidda þóknun að fjárhæð kr. 15.917,- pr. fund en fjárhæðin uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu. Formenn fá greidda tvöfalda þóknun.

### 15. gr.

#### Lífeyrisréttindi og tryggingar

Reykjavíkurborg heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum kjörinna fulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Kjörnir fulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi með sama hætti og starfsmenn borgarinnar skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um rétt til launa í slysaförðum fer þó eftir 16. gr.

### 16. gr.

#### Laun í veikinda- og slysaförðum og fæðingarleyfi o.fl.

Sé kjörinn fulltrúi í fastanefnd forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum engu að síður í allt að tvo mánuði frá því að samfelldar fjarvistir hófust.

<sup>4</sup> Breytt á fundi forsætisnefndar 2. nóvember 2012.

<sup>5</sup> Breytt á fundi forsætisnefndar 3. október 2014.

Um rétt kjörinna fulltrúa í fastanefndum til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

17. gr.

#### Áheyrnarfulltrúar

Áheyrnarfulltrúar í fastanefndum borgarinnar sem tilnefndir eru skv. 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sem ekki eru borgarfulltrúar, fá greidda mánaðarlega þóknun fyrir störf sín skv. ákvæðum 13. gr. með sama hætti og kjörnir fulltrúar.

Aðrir áheyrnarfulltrúar sem rétt hafa til setu á fundum fastanefnda borgarinnar skv. heimild í lögum eða sérstökum samþykktum borgarstjórnar fá greidda þóknun fyrir störf sín sem nemur kr. 15.917,- pr. fund, sbr. 14. gr. Starfsmenn borgarinnar sem sitja slíka fundi í tengslum við störf sín fá þó ekki greitt sérstaklega fyrir slíka fundarsetu.

### V. kafli

#### Um varamenn sem ekki eru jafnframt borgarfulltrúar

18. gr.

Um greiðslu þóknunar til kjörinna varamanna

Varamaður sem sæti tekur í nefnd eða ráði borgarinnar í forföllum aðalmanns, fær greidda þóknun pr. fund sem nemur kr. 15.917,- pr. fund, sbr. 14. gr. Varamenn sem sæti taka í borgarstjórn fá þó greidda þóknun pr. fund sem nemur kr. 31.753,- en fjárhæðin uppfærisk í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu.

19. gr.

Um rétt kjörinna varamanna til greiðslu fastra nefndarlauna

Ef aðalmaður í fastanefnd hefur ekki getað sótt fundi í tvo mánuði samfleytt vegna veikinda eða slyss tekur varamaður hans föst laun skv. 13. gr. frá næstu mánaðamótum þar á eftir.

Ef aðalmaður í fastanefnd er fjarverandi vegna fyrirfram ákveðins leyfis tekur varamaður hans föst laun frá næstu mánaðamótum eftir að fjarvera aðalmanns hefst og til næstu mánaðamóta áður en hann snýr aftur til starfa.

Nú er borgarfulltrúi varanlega forfallaður eða í leyfi frá störfum í a.m.k. sex mánuði og skal þá varamaður hans í borgarstjórn taka laun skv. II. kafla um starfskjör borgarfulltrúa á meðan á fjarveru hans stendur.

### VI. kafli

#### Gildistaka o.fl.

20. gr.

#### Gildistaka

Samþykkt þessi kemur í stað samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg frá 21. desember 2004 og tekur gildi 1. júní 2006. Hækkun á þóknun fyrir setu í nefnd í flokki II, sbr. 2. mgr. 13. gr., tekur þó gildi 1. júlí 2006.

Samþykkt í forsætisnefnd 15. júní 2006.

Breytingar samþykktar 29. júní, 13. júlí og 1. september 2006, 5. febrúar, 15. júní og 13. desember 2007, 15. febrúar 2008, 29. janúar og 11. desember 2009, 16. júlí og 17. september 2010, 2. nóvember 2012, 3. október 2014, 13. nóvember 2015 og 28. apríl 2017.